

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar vegna skipulagsákvæða fyrir Fellabrekku 7-13.

Skipulagsstofnun staðfesti 23. maí 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 sem samþykkt var í bæjarstjórn 11. apríl 2024.

Í breytingunni felst að heimila tvö tveggja hæða fjölbýli með samtals átta íbúðum að Fellabrekku 7-13 innan íbúðarbyggðar ÍB3 á Grundarfirði í stað 3ja íbúða húss, parhúss eða einbýlis að Fellabrekku 7-9.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 23. maí 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 6. júní 2024